

Umsögn Hólmsteins Bjarna Birgissonar til velferðanefndar um tillögu til þingsályktunar um þróunaráætlun um ræktun lyfjahamps og notkun Kannabislyfja í lækningaskyni.

154 Löggjafarþing 2023-2024, þingskjal 8 - 8 mál

Fyrir tveimur árum greindist ég með small fiber og large fiber neuropathy auk slitgigtar. Síðan þá hef ég misst allan kraft í líkamanum, er með hjartsláttartruflanir, er með skert jafnvægi, miklar svefntruflanir, kyngingarerfiðleika, ofsapreytu, heilapöku og hef þar að auki misst alla tilfinningu í tánum. Þessum sjúkdómum fylgja einnig 50% auknar líkur á hjartaáfalli og heilablóðfalli. Það versta við þessa sjúkdóma eru þó stöðugir og lamandi verkir sem eru til staðar allan sólarhringinn, alla daga.

Ég er þakklátur fyrir að hafa mjög færan taugalækni sem hefur hjálpað mér ótrúlega mikið og höfum við prófað yfir tuttugu lyf til að reyna að draga úr sársaukanum og minnka einkenni, þ.á.m. taugalyf, gigtarlyf, þunglyndislyf og miðtaugalyf, en ekkert þeirra hefur virkað sem skyldi. Ýmist sýna þau enga virkni eða valda svo miklum aukaverkunum að mér er óstætt að taka þau.

Í byrjun ferlisins var mér ráðlagt að prófa CBD olíu og þar fann ég smá létti. Eftir því sem sjúkdómarnir ágerðust og verkirnir jukust reyndist það ekki gera nóg og ég ákvað að prófa CBD með THC í. Breytingarnar voru miklar og nú á ég auðveldara með svefn og að þrauka daginn. Á venjulegum degi nota ég CBD olíu með THC í til að halda verkjum í skefjum, nota veip með kannabis olíu til að slá á verkjaköst og RSO olíu á kvöldin til að hjálpa mér að sofa. Þrátt fyrir þetta er ég aldrei verkjalaus en ég væri hreint út sagt búinn að gefast upp á lífinu ef þess nyti ekki við.

Það er engin lækning til fyrir þessum sjúkdómum og allar líkur á að ég endi í hjólastól með mjög skerta hreyfingu miðað við þá hröðu þróun sem hefur orðið síðan ég greindist. Lögleiðing á kannabislyfjum í lækningaskyni yrði gjörbylting fyrir mig þar sem ég þyrfti ekki lengur að versla lyfin mín á svörtum markaði og gæti tekið þau í meira magni, þar sem þau eru mjög dýr þar, svo ég gæti mögulega upplifað sársaukalaus daga.

Það sem mér stendur til boða núna frá heilbrigðisyfirvöldum er að taka ópíum eða morfínskyld lyf til æviloka og það hlýtur hver sem er að sjá að 44 ára gamall maður er ekki að fara að vera langlífur á þeim með öllum þeim aukaverkunum og fíkn sem þau valda. Ég neita að trúa því að stjórnvöld og heilbrigðisyfirvöld vilji vera þekkt fyrir að neyða fólk á ópíum lyf á sama tíma og það er vitundarvakning á skaðsemi þeirra í samfélaginu í stað þess að bjóða þeim upp á kannabislyf í lækningaskyni sem er margfalt hættuminna fyrir fullorðin fólk.

Það er mín einlæga ósk að stjórnvöld hafi þor og getu til að bregðast við því ákalli sem er í samfélaginu á hættuminni lyfjum og er þess fullviss að til lengri tíma litið yrði það heilbrigðiskerfinu til góðs.

Virðingarfyllt,

Hólmsteinn Bjarni Birgisson